

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/1319
komudagur 18.03.2002

Reykjavík, 15. mars 2002

BSRB hefur borist til umsagnar frumvörp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir 549. mál, um ~~opinberan~~ stuðning við tækniþróun og nýsköpun, 553. mál og Vísinda- og tækniráð, (539. mál)

Í þriðju grein frumvarps til laga um Vísinda- og tækniráð er fjallað um skipan ráðsins. Það vekur athygli að opinberum starfsmönnum er ekki ætluð aðkoma að ráðinu, en aftur á móti skal Alþýðusamband Íslands tilnefna tvo fulltrúa. Leggur BSRB áherslu á að 3. gr. verði breytt þannig að tryggt verði að BSRB fá rétt til að tilnefni fulltrúa í ráðið.

Þá leggur BSRB þunga áherslu á að gætt verði í hvívetna réttinda starfsmanna Rannsóknarráðs Íslands og þeim boðin störf við Þjónustumiðstöð vísindarannsókna sem fjallað er um í 10. gr. frumvarps til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

BSRB einskorðar umsögn sína við þessa þætti, en hefur alla fyrirvara á gagnvart þeim skipulagsbreytingum sem frumvörpin boða. Almenn afstaða BSRB er sú að stórauka beri stuðning við vísindarannsóknir í landinu og að hvergi verði þrengt að slíku starfi á vegum opinberra aðila. Þvert á móti beri að efla það og tryggja frelsi vísindamanna til rannsókna.

f.h. BSRB


Svanhildur Halldórsdóttir